

Sigríður Árnadóttir

Einn dagur í Múlakoti

Það er bjartur og fagur morgunn á mótum vors og sumars. Allt er í fyllsta blóma og ferðaveður hið ákjósanlegasta, enda ætlar kvenfélagið að leggja upp í heils dags ferð austur í Fljótshlíð. Og auðvitað er takmarkið Múlakot.

Ekki verður sögð hér ferðasaga, heldur aðeins staldrað við í „Garðinum hennar Guðbjargar“.

Um hádegisbilið er rennt í hlaðið og garðurinn fangar strax augu allra. Öllum er frjálst inn að ganga. Guðbjörg er sjálf í garðinum, kona á áttæðisaldri, há og bein í baki, hreyfingar óþvingaðar þrátt fyrir þennan háa aldur. Ekki getur hún talist fríð, en í fari hennar er sá gerðarþokki, sem tekur öllum fríðleik fram. Hún gengur um og leiðbeinir gestum, ekki aðeins um garðinn sinn heldur kynnir hún landslag og örnefni, tengir þau sögu og vitnar í ljóð máli sínu til skýringar.

Eftir nokkra viðdvöl heldur hópurinn burt með þakkæti í huga fyrir góðar viðtökur. En telja má víst að eftir hádegi komi annar hópur og jafnvel enn annar að kvöldi. Og allan daginn er Guðbjörg í garðinum sínum. Þegar allir eru farnir á hún enn eftir að ganga um og bjóða trjánnum sínum og blómumum góða nótt. Hún háttar seint í kvöld.

Kynnumst nú þessari konu nánar.

Þáttur Guðbjargar í Múlakoti

Guðbjörg Þorleifsdóttir fæddist í Múlakoti 27. júlí 1870. Foreldrar hennar voru hjónin Þorleifur Eyjólfsson og Þuríður Jónsdóttir, sem þar bjuggu. Hlaut hún þar hið besta uppeldi og lærði til allra verka úti sem inni.

Fór orð af dugnaði hennar og handlagni, enda listfengi í ættinni og virðist það hafa gengið í arf til sonar hennar, Ólafs Túbals, sem var listmálari.

Guðbjörg giftist árið 1893 Túbal Magnússyni og bjuggu þau allan sinn búskap í Múlakoti. Börn þeirra voru fimm og náðu fjögur þeirra fullorðinsaldri. Auk þess áttu þau fósturbörn. Heimili þeirra var annálað rausnar- og myndarheimili. Þar var gestkvæmt og öllum tekið af alúð og gestrisni.

Heimilisfólk var margt eins og víða á þessum árum. Auk þess var heimili þeirra eftirsóttur sumardvalarstaður barna úr Reykjavík.

Húsfreyjan var tóvinnukona í besta lagi, eða eins og það hét þá „vel vinnandi á rokkinn“. Á stórum heimilum var í þá daga settur upp vefur, jafnvel oft á vetri. Var unnið í margvíslegan fatnað á heimilisfólki. Í Múlakoti var það ekki látið nægja. Meðal annars sem þar var ofið var efnið í hin þjóðfrægu föt Ragnars Ásgeirssonar, sem hann gekk í áratugum saman á erfiðum vetrarferðum meðan hann var ráðunautur Búnaðarfélags Íslands.

Sjálfur segir Ragnar: „Hefur mér ekki verið hlýrra eða liðið betur í öðrum fötum en þeim.“

Lengi hefur það verið kunnugt að konur í Fljótshlíð eru handíðakonur miklar. Fer einkum orð af ullarvinnu þeirra vandaðri. Var jafnvel haft á orði að Fljótshlíðingar væru betur klæddir á mannamótum en almennt gerðist.

Sú margfróða kona, Halldóra Bjarnadóttir, sem um langt skeið var heimilisiðnaðarráðunautur Búnaðarfélags Íslands, ferðaðist um til að kynna sér vinnubrögð á heimilum. Í bók sinni „Vefnaður á Íslenskum heimilum“ (1966) segir hún svo um Fljótshlíðina: „En efst á blaði austur þar um kunnáttu og vandvirkni í ullarvinnu var Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti í Fljótshlíð. Hún var hinn mesti snillingur í finni tóvinnu og vefnaði. Guðbjörg var landsfræg fyrir garðyrkju og trjárækt, en ullarvinnan og vefnaðurinn var ekki síðri. Matreiðslukona var Guðbjörg líka ágæt, tók á móti gestum í mörg ár.“

Hér hefur nú verið stiklað á stóru um atgervi Guðbjargar í Múlakoti og verk þau, sem hún leysti af hendi á hefðbundnum vinnudegi, sem oft mun hafa verið ærið langur og áreiðanlega ekki miðaður við átta stundir. En þó er það svo, að sjálfsagt hefur hún orðið þekktust fyrir störf sín í

tómstundum, sem þó hafa flestar verið teknar af nætursvefni hennar. Um þetta segir sr. Sveinbjörn Högnason í afmælisgrein um Guðbjörgu áttæða:

„Saga Guðbjargar í Múlakoti er í raun og veru ljóst dæmi um það fyrst og fremst hve mikils virði tómstundir manna geti verið, séu þær rétt notaðar. Hún er fyrst og fremst orðin þjóðþekkt kona fyrir tómstundastörf sín. Og þó hefur hún sennilega átt færri og styttri tómstundir en flestir aðrir.“

Og ennfremur: „Og það brautryðjendastarf, sem hin önnur kafna húsfreyja í Múlakoti hefur unnið á þessu sviði er meira virði og meira afrek en margur máske heldur. Það verður að vísu ekki metið til peninga, en í menningarlegu tilliti og ræktun er það afrek, sem vissulega er þess vert að getið og geymt sé.“

Og það er einmitt það sem hefur gerst. Of langt yrði upp að telja allt það, sem ritað hefur verið um þessa merku konu. Þó má nefna að um hana hafa birst greinar í flestum íslensku dagblöðunum, búnaðarblöðunum báðum, (Frey og Búnaðarblaðinu), nýju kvennablaði og í sænsku kvennablaði, Husmoderen, Stokkholm. Þar er að finna 20. okt. 1929 mjög hlýlega og skemmtilega grein eftir sænska konu, sem ber nafnið Nanna L. Eriksson. Hafði hún dvalið um tíma í Múlakoti og hrifist af húsfreyjunni, störfum hennar og dugnaði.

Ljóð og ferðaminningar þeirra sem heimsóttu Múlakot eru fleiri en talið verði. Á aldarafmæli Guðbjargar minnst Ríkisútvarpið hennar með fjölbreyttri og myndarlegri dagskrá.

Davíð Stefánsson segir svo í einu ljóði sínu:

„Fáir njóta eldanna sem fyrstir kveikja þá.“

Það má segja að Guðbjörg í Múlakoti hafi verið ein af þessum fáu. Hún lifði það að sjá garðinn sinn vaxa úr svo að segja lófastórum bletti á klettasillu í það að leggja undir sig heilan matjurtagarð. Ber það bónda hennar fagurt vitni um samhug og skilning að eftirláta henni heimilisgarðinn og leggja þangað rafmagn, en koma upp matjurtagarði á öðrum stað. Hún sá áhugann á ræktun vakna hjá nágrönnum sínum og gat leiðbeint þeim og miðlað af græðlingum.

Hún naut vináttu og virðingar allra, sem hún kynntist og var á margan hátt heiðruð að verðleikum. Einhvern fjárstyrk mun hún hafa hlotið frá hinu opinbera.

Garðyrkjufélag Íslands gaf henni gróðurhús og gerði hana að heiðursfélaga sínum.

Árið 1950 var hún kjörin heiðursfélagi Stórstúku Íslands fyrir störf sín innan Reglunnar. Og hún var sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu.

Í tilefni hundrað ára afmælis Guðbjargar gekkst S.S.K. fyrir því að koma upp minnismerki um hana í garðinum í Múlakoti. Var það afhjúpað 27. júlí 1970.

Guðbjörg lést 8. júlí 1958 og skorti þá fáa daga í 88 ár.

Við andlátsfregn hennar orti Anna Vigfúsdóttir frá Brúnum þessa stöku:

Eigi mun þín ævidáð
að öllu færð í letur
verður ekki í vísu tjáð
„verkin tala“ betur.

Og meðan tré laufgast og blóm spretta á Íslandi halda þau verk áfram að tala.

Hér á eftir verður birt „Eskuminning frá Múlakoti“ eftir Margréti Sigurðardóttur, sem flutt var í útvarp á aldarafmæli Guðbjargar árið 1970, og ljóð Höllu Loftsdóttur, sem hún orti til Guðbjargar á 70 ára afmæli hennar.

Sigríður Árnadóttir

Gengnar slóðir Samband sunnlenskra kvenna fimmtíu ára 1928 - 1978

Ritnefnd: Sigurveig Sigurðardóttir, Sigríður Árnadóttir, Anna Sigurkarlsdóttir